



**Kaup á hugbúnaði til gagnavörslu á HP-tölvu  
Orkustofnunar**

**Helgi Torfason**

**Greinargerð HeTo-88-03**

## KAUP Á HUGBÚNAÐI TIL GAGNAVÖRSLU Á HP-TÖLVU ORKUSTOFNUNAR

Á Orkustofnun hefur frá upphafi verið safnað miklu magni af gögnum um íslensk orkumál, og er þá átt við bæði innlenda og erlenda orkugjafa. Sífellt bætist við upplýsingasafn þetta og það sama á við um almennar rannsóknir sem unnar eru á Orkustofnun í tengslum við virkjun og nýtingu innlendrar orku, jarðhita og vatnsorku. Til að halda utan um þetta margbreytilega gagnasafn er nú unnið á Orkustofnun við að skipuleggja innslátt á upplýsingum um gagnasafn þetta í tölvu stofnunarinnar. Markmið vinnunnar er að hanna gagnasafn á því formi að unnt verði á einfaldan og skjótvirknan hátt að fá upplýsingar um allar rannsóknir stofnunarinnar, svo sem dreifingu jarðhita, efnagreiningar, jarðeðlisfræðilegar mælingar, hita- og þrýstimælingar í borholum, skýrslur og greinargerðir stofnunarinnar o.fl., hvar upplýsingar er að finna og hvernig þær verða sóttar og skoðaðar.

Til þess að gera þetta kleyft þarf að kaupa hugbúnað á HP-tölvu Orkustofnunar er gerir mögulega skráningu, flokkun, leit, röðun, útreikninga og útprentun þeirra gagna sem varðveitt eru. Kostnaður við þennan hugbúnað er um 1000.000 kr. á verðlagi í janúar 1988.

Söfnun og varðveisla upplýsinga um orkumál er eitt af hlutverkum Orkustofnunar. Með því að nýta þá kosti sem tölvuvinnsla gagna hefur upp á að bjóða getur stofnunin miðlað þekkingu sinni á mun fljótverkari og markvissari hátt en hingað til, auk þess sem þær upplýsingar sem Orkustofnun kostar verða ætíð varðveittar á stofnuninni, en ekki í einkasöfnum einstakra starfsmanna og glatast er viðkomandi starfsmaður lætur af störfum.

Hugbúnaður til gagnavörslu (database) mun auðvelda einstökum deildum og einstaklingum skráningu upplýsinga og verða til þess að öll upplýsingadreifing og vinnsla verður bæði auðveldari og fljótverkari.